




DÓMSTÓLARÁÐ

# ÁRSSKÝRSLA DÓMSTÓLARÁÐS OG HÉRAÐSDÓMSTÓLANNA

*Árið 2015*

Dómstólaráð

Reykjavík, 17. mars 2017



## FORMÁLI

Dómstólaráð hefur tekið saman meðfylgjandi ársskýrslu um starfsemi ráðsins og héraðsdómstólanna fyrir árið 2015 í samræmi við 2. mgr. 14. gr. laga um dómstóla nr. 15/1998. Í skýrslunni er að finna helstu upplýsingar um starfsemi dómstólaráðs og héraðsdómstólanna á árinu 2015 ásamt upplýsingum um fjölda dómsmála eftir tegundum þeirra og málsmeðferðartíma. Þá gera dómstjórar hvers héraðsdómstóls um sig grein fyrir starfseminni á árinu, þróun málafjölda og málsmeðferðartíma. Innkomnum málum hjá dómstólunum hefur fækkað milli ára og tekur sú fækkun jafnt til einkamála sem sakamála. Athugun á fjölda þeirra mála sem bíða afgreiðslu dómstólanna í lok árs 2015 sýnir að vel hefur gengið að vinna í þeim málum sem til dómstólanna hafa borist. Meðalmálsmeðferðartími munnlega flutts einkamáls hefur lengst, var 344 dagar á árinu 2014 en er 364 dagar á árinu 2015. Meðalmálsmeðferðartími ákærumáls hefur lengst lítillega á milli ára, var 86 dagar á árinu 2014 en 89 dagar á árinu 2015. Fjöldi héraðsdómara hélst óbreyttur á árinu 2015 og voru þeir samtals 43 í kjölfar gildistöku laga nr. 133/2014 um breytingu á ákvæðum laga um dómstóla nr. 15/1998.

Dómstólaráð hefur ítrekað bent á erfiða rekstrarstöðu dómstólaráðs og héraðsdómstólanna á liðnum árum vegna aðhaldskrafna og skertra fjárveitinga í kjölfarið. Í fjárlögum ársins 2015 fékk dómstólaráð viðbótarframlag sem fól í sér leiðréttingu vegna ofreiknaðrar hagræðingarkröfu fyrri ára. Leiðréttingin leiddi af sér að rekstrarhalli ársins 2015 varð minni en í stefndi.

Reykjavík ágúst 2016

Ólöf Finnsdóttir  
framkvæmdastjóri

Jón Höskuldsson  
formaður

## EFNISYFIRLIT

Formáli .....	1
Dómstólaráð - almennar upplýsingar .....	5
Starfsemi og hlutverk dómstólaráðs.....	5
Ráðsmenn á árinu 2015 .....	5
Starfsmenn ráðsins .....	5
Fjármál .....	6
Helstu verkefni dómstólaráðs á árinu 2015 .....	8
Fagráð um endurmenntun dómara .....	9
Human Rights Education For Legal Professionals (HELP) .....	9
Vísdomur.....	9
Starfsdagur dómstólanna.....	10
Erlent samstarf.....	11
Vefsíða dómstólaráðs og málaskrá .....	11
Sérfróðir meðdómsmenn .....	12
Héraðsdómstólar .....	13
Kynning embætta, staðsetning, stærð og tölulegar upplýsingar .....	13
Fjöldi stöðugilda héraðsdómstólanna.....	13
Héraðsdómur Reykjavíkur .....	14
Héraðsdómur Vesturlands.....	17
Héraðsdómur Vestfjarða.....	20
Héraðsdómur Norðurlands vestra.....	23
Héraðsdómur Norðurlands eystra.....	26
Héraðsdómur Austurlands .....	29
Héraðsdómur Suðurlands.....	32
Héraðsdómur Reykjaness .....	35
Héraðsdómstólar í tölum .....	38
Fjöldi sakfellinga eftir skilgreindum brotaflokkum.....	40
Fjöldi dómsmála á árinu 2015 og samanburður milli ára .....	42
Fjöldi mála eftir málaflokkum .....	44

Munnlega flutt einkamál.....	44
Skriflega flutt einkamál .....	48
Sakamál og sundurliðun ákærumála .....	50
Ágreiningsmál vegna gjaldþrotaskipta .....	54
Gjaldþrotaúrskurðir.....	55
Gjaldþrotaskiptabeiðnir .....	56
Rannsóknarúrskurðir .....	57

## Myndayfirlit

Mynd 1. Hlutfallsleg skipting útgjalda héraðsdómstólanna 2015 .....	7
Mynd 2. Hlutfallsleg skipting rekstrargjalda milli héraðsdómstólanna og dómstólaráðs 2015 .....	8
Mynd 3. Þróun ákærumála hjá HDR árin 2000-2015 .....	15
Mynd 4. Þróun munnlega fluttra einkamála hjá HDR árin 2000-2015 .....	16
Mynd 5. Þróun ákærumála hjá HDVL árin 2000-2015 .....	18
Mynd 6. Þróun munnlega fluttra einkamála hjá HDVL árin 2000-2015 .....	19
Mynd 7. Þróun ákærumála hjá HDVF árin 2000-2015 .....	21
Mynd 8. Þróun munnlega fluttra einkamála hjá HDVF árin 2000-2015 .....	22
Mynd 9. Þróun ákærumála hjá HDNV árin 2000-2015 .....	24
Mynd 10. Þróun munnlega fluttra einkamála hjá HDNV árin 2000-2015 .....	25
Mynd 11. Þróun ákærumála hjá HDNE árin 2000-2015 .....	27
Mynd 12. Þróun munnlega fluttra einkamála hjá HDNE árin 2000-2015 .....	28
Mynd 13. Þróun ákærumála hjá HDA árin 2000-2015 .....	30
Mynd 14. Þróun munnlega fluttra einkamála hjá HDA árin 2000-2015 .....	31
Mynd 15. Þróun ákærumála hjá HDS árin 2000-2015 .....	33
Mynd 16. Þróun munnlega fluttra einkamála hjá HDS árin 2000-2015 .....	34
Mynd 17. Þróun ákærumála hjá HDRN árin 2000-2015 .....	36
Mynd 18. Þróun munnlega fluttra einkamála hjá HDRN árin 2000-2015 .....	37
Mynd 19. Fjöldi íbúa í umdæmi hvers héraðsdómstóls 2015 .....	38
Mynd 20. Fjöldi sakfellinga eftir skilgreindum brotaflokkum fyrir árið 2015 .....	40
Mynd 21. Skýrslutökur af börnum yngri en 18 ára .....	41
Mynd 22. Þróun heildarmálfjölda héraðsdómstólanna .....	42
Mynd 23. Þróun munnlega fluttra einkamála .....	44
Mynd 24. Lyktir og málsmeðferðartími munnlega fluttra einkamála á árinu 2015 .....	45
Mynd 25. Málsmeðferðartími og afgreiðsla munnlega fluttra einkamála 2000-2015 .....	46
Mynd 26. Þróun fjölda skriflega fluttra einkamála .....	48
Mynd 27. Lyktir skriflega fluttra einkamála og málsmeðferðartími .....	49
Mynd 28. Þróun fjölda innkominna ákærumála .....	50
Mynd 29. Málsmeðferðartími og afgreiðsla ákærumála .....	51
Mynd 30. Lyktir ákærumála frá lögreglustjóra og málsmeðferðartími .....	52
Mynd 31. Lyktir ákærumála frá ríkissaksóknara og málsmeðferðartími .....	53
Mynd 32. Þróun fjölda ágreiningsmála vegna gjaldþrotaskipta .....	54
Mynd 33. Þróun fjölda gjaldþrotáúrskurða .....	55
Mynd 34. Þróun fjölda gjaldþrotaskiptabeiðna .....	56
Mynd 35. Þróun fjölda rannsóknarúrskurða .....	57

## Töfluyfirlit

Tafla 1. Útgjaldaskipting héraðsdómstólanna 2015 .....	6
Tafla 2. Rekstrargjöld héraðsdómstólanna og dómstólaráðs 2015 .....	7
Tafla 3. Þróun dómsmálagjalda héraðsdómstólanna 2012-2015 .....	39
Tafla 4. Heildarfjöldi innkominna mála sundurliðað eftir dómstólum og tegundum árið 2015 .....	43
Tafla 5. Tegund munnlega fluttra einkamála .....	47
Tafla 6. Fjöldi sakamála og sundurliðun ákærumála .....	50

## DÓMSTÓLARÁÐ - ALMENNAR UPPLÝSINGAR

### Starfsemi og hlutverk dómstólaráðs

Helstu verkefni dómstólaráðs, samkvæmt lögum um dómstóla nr. 15/1998, eru að fara með ábyrgð á fjárreiðum héraðsdómstólanna, setja samræmdar reglur fyrir héraðsdómstólana, gera tillögur um hvað eina sem getur orðið til úrbóta í störfum héraðsdómstóla, ákveða fjölda dómara og annarra starfsmanna við hvern héraðsdómstól, safna upplýsingum um fjölda og afgreiðslu mála við dómstólana auk útgáfu ársskýrslu um starfsemi sína og héraðsdómstólanna. Almennt ber ráðinu að stuðla að því að gætt sé skilvirkni og hraða við rekstur dómsmála. Þá fer ráðið með forsvar héraðsdómstólanna sameiginlega gagnvart stjórnvöldum og öðrum. Dómstólaráði ber að skipuleggja endurmenntun dómara og löglærðra starfsmanna dómstólanna. Verkefni dómstólaráðs eru ekki tæmandi talin í dómstólalögunum en sem dæmi um önnur verkefni sem ráðið sinnir eru tölvu- og upplýsingamál héraðsdómstólanna og símenntun annarra starfsmanna en dómara og löglærðra aðstoðarmanna.

### Ráðsmenn á árinu 2015

Í dómstólaráði eiga sæti fimm menn sem ráðherra skipar. Tveir eru kjörnir af héraðsdómurum, tveir eru kjörnir af dómstjórum við héraðsdómstólana úr þeirra hópi en einn ráðsmaður er skipaður af innanríkisráðherra án tilnefningar. Skipunartími í dómstólaráði er fimm ár og rennur skipunartími eins ráðsmanns út hvert ár. Símon Sigvaldason, dómari við Héraðsdóm Reykjavíkur, var formaður dómstólaráðs sem fulltrúi dómara, varamaður hans var Hervör Þorvaldsdóttir, dómari við Héraðsdóm Reykjavíkur, þau voru skipuð til 15. maí 2016. Aðrir ráðsmenn á árinu 2015 voru: Jón Höskuldsson, dómari við Héraðsdóm Reykjaness, var kjörinn sem fulltrúi dómara og Ingibjörg Þorsteinsdóttir, dómari við Héraðsdóm Reykjavíkur, var kjörin sem varamaður hans, skipuð til 14. maí 2020. Hjörtur O. Aðalsteinsson, dómstjóri við Héraðsdóm Suðurlands, er fulltrúi dómstjóra, en varamaður hans er Halldór Halldórsson, dómstjóri Héraðsdóms Norðurlands vestra, skipaðir til 15. maí 2017. Þorgeir Ingi Njálsson, dómstjóri Héraðsdóms Reykjaness, er fulltrúi dómstjóra, en varamaður hans er Ingimundur Einarsson, dómstjóri við Héraðsdóm Reykjavíkur, skipaðir til 30. júní 2018. Þórdís Ingadóttir, dósent við Háskólann í Reykjavík, er tilnefnd af ráðherra en varamaður hennar er Hrefna Friðriksdóttir, dósent við Háskóla Íslands. Þær eru skipaðar til 30. júní 2019.

### Starfsmenn ráðsins

Hjá dómstólaráði starfa Ólöf Finnsdóttir, framkvæmdastjóri í fullu starfi, Sara Björg Sigurðardóttir, sérfræðingur í 70% starfi, og Ásdís Birna Stefánsdóttir, prófarkalesari í 60% starfi, en hún annast lestur fyrir aðra dómstóla en Héraðsdóm Reykjavíkur. Guðbjörg Anna Guðbjörnsdóttir lögfræðingur var ráðin til afleysinga í desember 2015 vegna fæðingarorlofs Söru Bjargar.

## Fjármál

Dómstólaráð fer með ábyrgð á fjárreiðum héraðsdómstólanna og skiptir á milli þeirra fé sem þeim er veitt í einu lagi með fjárlögum.

**Tafla 1. Útgjaldaskipting héraðsdómstólanna 2015**

	Milljónir kr.
Laun <sup>1</sup>	1.376
Ferðir og fundir	11
Rekstrarvörur	22
Aðkeypt þjónusta <sup>2</sup>	50
Húsnæði	113
Rekstrarkostnaður	8
<b>Samtals</b>	<b>1.580<sup>3</sup></b>


Á árinu 2015 námu útgjöld héraðsdómstólanna 1.580 m.kr. Í töflu 1 má sjá útgjalda-skiptingu dómstólanna fyrir árið 2015. Þar sést að 87% af útgjöldum héraðsdómstólanna er launakostnaður, samanborið við 86% hlut af heildarútgjöldum árið 2014. Næststærsti útgjaldaliður er húsnæðiskostnaður með 7% hlut af heildarútgjöldum samanborið við 8% hlut af heildarútgjöldum árið 2014. Rekstrarvörur standa í stað, eru 1,3% af heildarútgjöldum en rekstrarkostnaður hefur aukist lítillega en hann var 0,4% af heildarútgjöldum á árinu 2014 en nam 0,5% af heildarútgjöldum árið 2015. Dregið hefur lítillega úr aðkeyptri þjónustu en kostnaður við hana fór úr 3,3% árið 2014 í 3,1% af heildarútgjöldum árið 2015.

<sup>1</sup>Um er að ræða laun og launatengd gjöld starfsmanna dómstólanna og sérfróðra meðdómsmanna.

<sup>2</sup>Sem dæmi um liði sem falla undir aðkeypta þjónustu má nefna rekstur málaskrár, heimasíðu, hugbúnaðarleyfi, nettengingar, tölvuþjónustu og skjala- og öryggismál.

<sup>3</sup> Gjöld samkvæmt rekstrareikningi ársins 2015.

**Mynd 1. Hlutfallsleg skipting útgjalda héraðdómstólanna 2015**




**Tafla 2. Rekstrargjöld héraðsdómstólanna og dómstólaráðs 2015**

	Milljónir kr.
Dómstólaráð <sup>4</sup>	72
Sérfróðir meðdómsmenn	106
Héraðsdómur Reykjavíkur	763
Héraðsdómur Vesturlands	54
Héraðsdómur Vestfjarða	43
Héraðsdómur Norðurlands vestra	36
Héraðsdómur Norðurlands eystra	85
Héraðsdómur Austurlands	38
Héraðsdómur Suðurlands	102
Héraðsdómur Reykjaness	281
<b>Samtals</b>	<b>1.580</b>

<sup>4</sup>Dómstólaráð sér um rekstur og umsýslu málaskrár fyrir héraðsdómstólana, grunnþjónustu vegna tölvumála, netföng, netaðgang og rekstur heimasíðu [www.domstolar.is](http://www.domstolar.is).



Mynd 2. Hlutfallsleg skipting rekstrargjalda milli héraðsdómstólanna og dómstólaráðs 2015



## Helstu verkefni dómstólaráðs á árinu 2015

Dómstólaráð hélt 12 fundi á árinu. Skrifstofa dómstólaráðs fékk til afgreiðslu samkvæmt bréfabók 731 erindi, sem einkum voru fyrirspurnir er varða starfsemi héraðsdómstólanna frá ráðuneytum, stofnunum, Alþingi, lögmannsstofum, einstaklingum og fjölmiðlum. Þess utan fékk skrifstofa ráðsins margvísleg símtöl, ábendingar og fyrirspurnir er vörðuðu starfsemi og starfsumhverfi dómstólaráðs og héraðsdómstólanna. Ólöf Nordal innanríkisráðherra heimsótti Héraðsdóm Reykjavíkur og kynnti sér starfsemi dómstólaráðs síðla vetrar. Dómstólaráð vann að endurskoðun stefnu dómstólaráðs og héraðsdómstólanna ásamt því að endurskoða aðgerðaráætlun um helst verkefni komandi ára. Framkvæmdastjóri dómstólaráðs starfaði ásamt formanni ráðsins, Símoni Sigvaldasyni, í ráðgjafarhópi á vegum innanríkisráðuneytisins um nánari útfærslu frumvarpa um breytingu á ákvæðum laga vegna undirbúnings stofnunar millidómstigs. Ítarleg þarfagreining fór fram á vef dómstólaráðs og héraðsdómstólanna, m.a. með viðhorfskönnun þar sem notendur vefsíðanna veittu upplýsingar um þá þætti sem betur mættu fara á nýrri vefsíðu dómstólanna. Í kjölfarið var leitað tilboða í nýjan vef dómstólaráðs og héraðsdómstólanna í samvinnu við Hæstarétt Íslands. Þórdís Ingadóttir var tilnefnd sem fulltrúi dómstólaráðs í starfshóp innanríkisráðuneytisins um eftirfylgni við

innleiðingu á samningum gegn mútum og spillingu. Hlutverk starfshópsins er m.a. að vera stjórnvöldum til ráðgjafar og halda þeim upplýstum um aðgerðir til þess að bregðast við athugasemdum alþjóðastofnana sem Ísland á aðild að um aðgerðir gegn spillingu og mútum.

## Fagráð um endurmenntun dómara

Til þess að vinna að endurmenntunarstefnu héraðsdómstólanna og leggja mat á þörf fyrir endurmenntun hverju sinni hefur dómstólaráð skipað sérstakt fagráð dómara. Fagráðið skipa: Ásmundur Helgason, Ragnheiður Harðardóttir og Þorgeir Ingi Njálsson. Fagráðið skipulagði og sá um eftirfarandi námskeið og umræðufund á árinu:

- Maí: Réttarfar í einkamálum og sakamálum í ljósi 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, kennari var Róbert Spanó.
- Maí: Námskeið um samningu dóma í einkamálum og sakamálum, kennarar voru Benedikt Bogason og Eiríkur Tómasson.
- Október: Umræðufundur dómstólaráðs um breytingar á ákvæðum laga um meðferð einkamála og laga um meðferð sakamála í umsjón Ásmundar Helgasonar.
- Nóvember: Námskeið fyrir nýja dómara og aðstoðarmenn dómara. Kennarar voru Ingibjörg Þorsteinsdóttir, Símon Sigvaldason og Skúli Magnússon.
- Desember: Nauðgun skv. 1. og 2. mgr. 194. gr. hgl., kennari Ragnheiður Bragadóttir.

## Human Rights Education For Legal Professionals (HELP)

Hjörtur O. Aðalsteinsson, dómstjóri Héraðsdóms Suðurlands og fulltrúi í dómstólaráði, sótti í júní hina árlegu ráðstefnu sem haldin er á vegum Evrópuráðsins og ætlað er að stuðla að kynningu mannréttindasáttmálans meðal dómara, saksóknara og lögmanna í aðildarríkjunum og auðvelda þeim að beita ákvæðum sáttmálans í daglegum störfum sínum.

## Vísdomur

Markmið Vísdoms er að styrkja starfsmenn héraðsdómstólanna í störfum sínum með aukinni færni og þekkingu. Verkefnið er liður í að móta heildstætt námskerfi fyrir starfsmenn dómstólanna sem tekur mið af nýjum þörfum fyrir fræðslu og þjálfun á vinnustað. Fræðslan byggist á greiningu á þörfum starfsmanna þar sem til grundvallar liggur hlutverk og stefna dómstólanna. Í stýrihóp Vísdoms sátu Friðrik P. Stefánsson, Hulda Kristinsdóttir, Hulda Júlía Sigurðardóttir, Ingibjörg L. Stefánsdóttir og Ólöf Finnsdóttir. Eftirfarandi námskeið voru haldin á vegum Vísdoms á árinu:

- Janúar: Réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Kennari Sara Lind Guðbergsdóttir.

- Apríl: Enska fyrir starfsmenn dómstólanna í umsjón Julie Ingham.

SEND: „Samarbejdsorganet for Efteruddannelse af Nordens Dommere“ er samstarfsverkefni norrænu dómstólanna um símenntun dómara sem á rætur sínar að rekja til ársins 1989. Frá upphafi hefur sænska dómstólaráðið lagt til stöðugildi ritara stýriningdar SEND en í stýriningfn sitja fulltrúar allra norrænu þjóðanna. Hlutverk stýriningfnarinnar er að ákveða og skipuleggja efni ráðstefnanna hverju sinni en Norðurlandþjóðirnar skiptast á að halda þær og undirbúa. Í dag er Kenneth Nyård, dómstjóri í Åbo hovrátt, formaður stýriningfnarinnar. SEND stendur að jafnaði fyrir tveimur ráðstefnum ár hvert, að vori og að hausti. Þriðja hvert ár er norræna lögræðingapíngið haldið en það árið stendur SEND einungis fyrir einni ráðstefnu.

- Júní: „Fremtidens domstolschefer“ ráðstefna haldin í Kaupmannahöfn dagana 1.-3. júní 2015. Þemað var stjórnun dómstólanna og efni hennar því sniðið að þörfum dómstjóra og millistjórnenda. Ráðstefnuna sóttu dómstjórar á Norðurlöndunum ásamt millistjórnendum og fulltrúum dómstólaráðanna eða dómsmálaráðuneytis sem sjá um endurmenntun dómara og annarra starfsmanna dómstólanna. Af hálfu Íslands sóttu Friðrik Þ. Stefánsson, Hildur Briem og Ólöf Finnsdóttir ráðstefnuna. Ólöf hélt erindi um stjórnendaþjálfun hjá íslensku dómstólunum og í lok þess voru hópumræður um starfsmannasamtöl við dómara og dómstjóra. Áður en ráðstefnan hófst var haldinn fundur í stýriningfn SEND sem Ólöf Finnsdóttir sótti.
- September: „Barnet i Rättsprocessen“ ráðstefna í Málmey dagana 14.-16. september 2015 þar sem haldnir voru fyrirlestrar og kynningar um samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barns eða Barnasáttmálann. Ráðstefnuna sóttu dómara frá öllum Norðurlöndunum og var lögð áhersla á mikilvægi þess að ráðstefnugestir gætu deilt reynslu sinni og miðlað upplýsingum um framkvæmd og útfærslu í hverju Norðurlandanna fyrir sig. Ingibjörg Þorsteinsdóttir og Ólöf Finnsdóttir sóttu ráðstefnuna ásamt því að sitja stýriningfnarfund SEND áður en ráðstefnan hófst. Á stýriningfnarfundinu voru tillögur að ráðstefnum komandi árs ræddar ásamt því að lagt var mat á framkvæmd og fyrirkomulag fyrri ráðstefna á vegum SEND.

## Starfsdagur dómstólanna

Hinn 25. september 2015 var árlegur starfsdagur dómstólaráðs og héraðsdómstólanna sem bar yfirskriftina „Starfsmannasamtöl og endurgjöf“. Að undirbúningi starfsdagsins stóðu þau Ásgeir Magnússon, Guðfinnur Stefánsson og Ragnheiður Guðmundsdóttur auk Söru Bjargar Sigurðardóttur. Starfsmenn Héraðsdóms Vesturlands buðu samstarfsfólki í heimsókn til dómstólsins þar sem dómstjórinn sagði frá og kynnti starfsemi dómstólsins. Auk þess gengu starfsmenn um sögu slóðir Borgarness undir leiðsögn Gísla Einarssonar. Á starfsdeginum hélt

Gylfi Dalmann Aðalsteinsson, dósent við Háskóla Íslands, fyrirlestur um starfsmannasamtöl og mikilvægi endurgjafar.

## Erlent samstarf

Málþing forstöðumanna norrænu dómstólaráðanna var haldið í Bergen dagana 26.-27. ágúst 2015. Þingið sóttu Friðrik Þ. Stefánsson og Ólöf Finnsdóttir. Í upphafi fundar kynntu fulltrúar hvers lands fyrir sig helstu áhersluþætti í starfsemi dómstólaráðanna á árinu. Norðmenn sögðu frá áframhaldandi verkefni dómstólaráðsins sem felur í sér fækkun og sameiningu héraðsdómstólanna en sömu sögu höfðu Svíar að segja. Rafræn málsmeðferð heldur áfram að þróast og hafa Danir lagt mikla áherslu á þjálfun starfsmanna dómstólanna með aukna skilvirkni í rekstri dómstólanna að leiðarljósi. Markmið þeirra er að dómstólarnir verði meira eða minna sjálfbjarga í tölvumálum og hver dómstóll um sig hafi yfir að ráða „sérþjálfuðum“ starfsmanni sem geti leyst úr daglegum vandamálum er snúa að tölvumálum. Norðmenn kynntu markmið sitt um „rafræna dómstóla árið 2020“, sem felur m.a. í sér að öll málsmeðferð skal verða pappírslaus á árinu 2020 í öllum dómstólum á öllum dómstigum. Aukin gæði, betra aðgengi að gögnum og aukið upplýsingaflæði auk skilvirkni við rekstur dómsmála eru meginrökin að baki rafrænni málsmeðferð. Svíar taka allar skýrslur í héraðsdómi upp í máli og mynd sem er síðan varpað upp í Landsrétti. Meginreglan er sú að aðilar og vitni koma ekki fyrir Landsrétt en upptökur úr héraði eru spilaðar í dómsal að viðstöddum dómurum og lögmönnum aðila. Málþingsgestir heimsóttu landsréttinn í Bergen (Gulating lagsmannsrett) sem er í glæsilegu nýju húsi sem tekið var í notkun í nóvember 2011. Húsnæðið er hjart og fallett og smekklega innréttað þar sem skandinavísk hönnun ræður ríkjum.

## Vefsíða dómstólaráðs og málaskrá

Dómstólaráð heldur utan um og rekur heimasíðuna [www.domstolar.is](http://www.domstolar.is). Á heimasíðunni má finna upplýsingar um hvern dómstól fyrir sig, tölfræði, dómaleitarvél, fréttir af starfseminni og margvíslegar aðrar upplýsingar um starfsemi héraðsdómstólanna og dómstólaráðs. Á árinu var ráðist í umfangsmikla þarfagreiningu fyrir nýja vefsíðu dómstólanna og leitað tilboða í hönnun nýs vefs í samvinnu við Hæstarétt Íslands eins og áður hefur verið greint frá. Dómstólaráð heldur einnig utan um rekstur málaskrár héraðsdómstólanna. Héraðsdómstólarnir skrá upplýsingar um aðila máls, málsmeðferð og lyktir mála í málaskrána en dómstólaráð hefur með höndum samantekt á tölfræðiupplýsingum til birtingar á heimasíðu og í ársskýrslu.

## Sérfróðir meðdómsmenn

Þegar deilt er um staðreyndir, sem eru bornar fram sem málsástæður og dómari telur þurfa sérkunnáttu í dóm til að leysa úr, getur hann kvatt til tvo meðdómsmenn sem hafa slíka sérkunnáttu. Eins ef mál er umfangsmikið eða sakarefni mjög mikilvægt frá almennu sjónarmiði er mögulegt að kveðja til sérfróðan meðdómsmann. Kostnaður vegna sérfróðra meðdómsmanna við héraðsdómstólana nam 106 m.kr. á árinu 2015 sem er 7% af heildarútgjöldum dómstólanna en nam 6,8% af heildarútgjöldum ársins 2014. Þróun liðinna ára sem felur í sér hlutfallslega hækkun launakostnaðar sérfróðra meðdómsmanna af heildarrekstrarkostnaði héraðsdómstólanna heldur því áfram á árinu 2015.

**Tafla 3. Þróun launakostnaðar sérfróðra meðdómsmanna 2008-2015**

Ártal	Upphæð í m.kr.
2008	36
2009	42
2010	41
2011	48
2012	61
2013	66
2014	91
2015	106

## HÉRAÐSDÓMSTÓLAR

### Kynning embætta, staðsetning, stærð og tölulegar upplýsingar

#### Fjöldi stöðugilda héraðsdómstólanna

Dómarar héraðsdómstólanna voru samtals 38 á grundvelli 12. gr. laga um dómstóla nr. 15/1998 þar til þeim var fjölgað tímabundið í samtals 43 með lögum nr. 147/2009 er tóku gildi 1. janúar 2010. Ekki skal skipa í embætti héraðsdómara, sem losna eftir 1. janúar 2016, fyrr en þess gerist þörf til að ná aftur fjölda héraðsdómara í 38, sbr. 1. gr. laga nr. 133/2014.

**Tafla 4. Fjöldi stöðugilda héraðsdómstólanna**

	Dómarar			Aðstoðarmenn			Aðrir starfsmenn		
	2013	2014	2015	2013	2014	2015	2013	2014	2015
HDR	24	24	24	5,7	5,9	5,7	18	18	18
HDVL	1	1	1	1	1	1	1	1	1
HDFV	1	1	1	0	0	0	1	1	1
HDFV	1	1	1	0	0	0	1	1	1
HDNV	1	1	1	0	0	0	1	1	1
HDNE	3	3	3	0	0	0	2	2	2
HDAL	1	1	1	0	0	0	1	1	1
HDSL	3	3	3	1	1	1	2	2	2
HDRN	8	8	8	3	3	3	6	6	6
Samtals	43	43	43	10,7	10,85	11	32	33	33
Dómstólaráð	2,2								

Á grundvelli 2. mgr. 20. gr. laga nr. 15/1998 um dómstóla getur ráðherra sett dómara í embætti, í forföllum skipaðs dómara, ef sérstakar annir krefja og dómstólaráð mælir með því. Á árinu 2015 voru 3 dómarar settir við Héraðsdóm Reykjavíkur, í mislangan tíma, vegna leyfis skipaðs dómara.

## Héraðsdómur Reykjavíkur

Í Dómhúsinu við Lækjartorg er aðsetur Héraðsdóms Reykjavíkur og heyra sveitarfélögin Reykjavíkurborg, Seltjarnarneskaupstaður, Mosfellsbær og Kjósarhreppur undir umdæmi hans. Dómstjóri er Ingimundur Einarsson. Við dómstólinn starfa 24 dómarar auk dómstjóra, 6 aðstoðarmenn, 11 dómritarar og 7 aðrir starfsmenn.

### Helstu verkefni á árinu – samantekt dómstjóra

Þegar rýnt er í yfirlit um þróun innkominna mála hjá Héraðsdómi Reykjavíkur má sjá að heildarfjöldi mála eða málafjöldi í einstökum málaflokkum á það til að sveiflast mjög á milli ára. Málafjöldinn ræðst þannig af ýmsum ytri aðstæðum, en getur um leið gefið vísbendingar um fjárhagslega og félagslega stöðu almennings, samfélagslega ábyrgð þegnanna og áherslur löggjafans eða stofnana á tiltekna málaflokka. Á árinu varð nokkur fækkun í heildarfjölda innkominna mála, samanborið við árið 2014, eða nálægt 8%. Mest varð fækkunin í þingfestum einkamálum og sakamálum, en í öðrum málaflokkum var ekki að sjá miklar breytingar á málafjölda. Vert er þó að benda á mikla fjölgun lögræðismála og ágreiningsmála vegna gjaldþrotaskipta, en segja má að sprenging hafi orðið í fjölda mála í fyrrnefnda málaflokknum, án þess að fundin verði á því einhlít skýring. Á síðustu mánuðum ársins óskuðu slitastjórnir allra föllnu bankanna eftir staðfestingu nauðasamninga þeirra fyrir héraðsdómi, en áður hafði dómurinn gert viðamiklar ráðstafanir til að bregðast við mótmælum við samningunum. Svo fór þó að allir nauðasamningarnir voru staðfestir án mótmæla.

Árið 2015 störfuðu 24 dómarar við dómstólinn, auk dómstjóra. Tveir dómarar létu af störfum og var skipað í embætti beggja. Á árinu 2016 mun að óbreyttu fækka í hópi dómara við dómstólinn þar sem bráðabirgðaákvæði 44. gr. dómstólalaga nr. 15/1998, um tímabundna fjölgun dómara, féll úr gildi 31. desember 2015.

### Ákærumál í Héraðsdómi Reykjavíkur

Á myndinni má sjá þróun ákærumála hjá Héraðsdómi Reykjavíkur frá árinu 2000 til ársins 2015. Myndin sýnir samtals afgreidd mál yfir tímabilið í samanburði við óafgreidd og innkomin mál og meðalafgreiðslutíma þessara mála í dögum. Afgreidd mál eru dómsmál sem eru afgreidd innan ársins. Óafgreidd mál eru dómsmál sem ekki næst að afgreiða innan ársins og flytjast þau yfir til afgreiðslu á nýju ári. Innkomin mál eru öll þau mál sem berast dómstólnum og eru nýskráð á árinu. Dómstólnum bárust 692 ný ákærumál og samtals voru afgreidd 717 ákærumál á árinu. Meðalmálsmeðferðartími ákærumála var 80 dagar á árinu 2015 en 73 dagar á árinu 2014.

Mynd 3. Þróun ákærumála hjá HDR árin 2000-2015






### Munnlega flutt einkamál í Héraðsdómi Reykjavíkur

Á myndinni má sjá þróun munnlega fluttra einkamála hjá Héraðsdómi Reykjavíkur frá árinu 2000 til ársins 2015. Myndin sýnir samtals afgreidd mál yfir tímabilið í samanburði við óafgreidd og innkomin mál og meðalafgreiðslutíma þessara mála í dögum. Afgreidd mál eru dómsmál sem eru afgreidd innan ársins. Óafgreidd mál eru dómsmál sem ekki næst að afgreiða innan ársins og flytjast þau yfir til afgreiðslu á nýju ári. Innkomin mál eru öll þau mál sem koma til úthlutunar til dómara á árinu. Af reglulegu dómpingi var úthlutað 856 munnlega fluttum einkamálum og samtals voru afgreidd 1104 munnlega flutt einkamál á árinu. Meðalmálsmeðferðartími munnlega fluttra einkamála var 360 dagar á árinu 2015 en 371 dagar á árinu 2014.

Mynd 4. Þróun munnlega fluttra einkamála hjá HDR árin 2000-2015



## Héraðsdómur Vesturlands

Í Borgarnesi er aðsetur Héraðsdóms Vesturlands og heyra Akraneskaupstaður, Borgarbyggð, Dalabyggð, Eyja- og Miklaholtshreppur, Grundarfjarðarbær, Helgafellssveit, Hvalfjarðarsveit, Skorradalshreppur, Snæfellsbær og Stykkishólmsbær undir hans umdæmi. Dómstjóri er Ásgeir Magnússon. Við dómstólinn starfar einn aðstoðarmaður og einn dómritari.


### Helstu verkefni á árinu – samantekt dómstjóra

Starfsemi dómstólsins var með hefðbundnu sniði á árinu 2015 og starfsmannahald óbreytt. Samtals bárust 420 mál til úrlausnar, sem er nokkur fækkun frá fyrra ári, en þá bárust dómstólnum 489 mál. Þannig fækkaði innkomnum einkamálum úr 197 málum í 142. Þar af fækkaði skriflega fluttum málum úr 185 í 120, en munnlega fluttum málum fjölgaði hins vegar úr 12 í 22. Nokkur aukning varð í innkomnum sakamálum, sem fóru úr 120 í 170. Þar af voru innkomin ákærumál 93, en þau voru 82 árið áður. Málsmeðferðartími er enn of langur, en stefnt er að því og vonast til að hann muni styttest allnokkuð á næstu árum.

### Ákærumál í Héraðsdómi Vesturlands

Á myndinni má sjá þróun ákærumála hjá Héraðsdómi Vesturlands frá árinu 2000 til ársins 2015. Myndin sýnir samtals afgreidd mál yfir tímabilið í samanburði við óafgreidd og innkomin mál og meðalafgreiðslutíma þessara mála í dögum. Afgreidd mál eru dómsmál sem eru afgreidd innan ársins. Óafgreidd mál eru dómsmál sem ekki næst að afgreiða innan ársins og flytjast þau yfir til afgreiðslu á nýju ári. Innkomin mál eru öll þau mál sem berast dómstólnum og eru nýskráð á árinu. Dómstólnum bárust 93 ný ákærumál og samtals voru afgreidd 110 ákærumál á árinu. Meðalmálsmeðferðartími ákærumála var 142 dagar á árinu 2015 en 172 dagar á árinu 2014.


Mynd 5. Þróun ákærumála hjá HDVL árin 2000-2015



### Munnlega flutt einkamál í Héraðsdómi Vesturlands

Á myndinni má sjá þróun munnlega fluttra einkamála hjá Héraðsdómi Vesturlands frá árinu 2000 til ársins 2015. Myndin sýnir samtals afgreidd mál yfir tímabilið í samanburði við óafgreidd og innkomin mál og meðalafgreiðslutíma þessara mála í dögum. Afgreidd mál eru dómsmál sem eru afgreidd innan ársins. Óafgreidd mál eru dómsmál sem ekki næst að afgreiða innan ársins og flytjast þau yfir til afgreiðslu á nýju ári. Innkomin mál eru öll þau mál sem koma til úthlutunar dómara á árinu. Af reglulegu dómþingi var úthlutað 22 munnlega fluttum einkamálum og samtals voru afgreidd 22 munnlega flutt einkamál á árinu. Meðalmálsmeðferðartími munnlega fluttra einkamála var 527 dagar á árinu 2015 en 437 dagar á árinu 2014.

Mynd 6. Þróun munnlega fluttra einkamála hjá HDVL árin 2000-2015



## Héraðsdómur Vestfjarða

Á Ísafirði er aðsetur Héraðsdóms Vestfjarða og heyra Reykhólahreppur, Vesturbyggð, Tálknafjarðarhreppur, Bolungarvíkurkaupstaður, Ísafjarðarbær, Súðavíkurhreppur, Árneshreppur, Kaldrananeshreppur og Strandabyggð undir hann. Dómstjóri er Sigríður Elsa Kjartansdóttir. Við dómstólinn starfar einn dómritari.


### Helstu verkefni á árinu – samantekt dómstjóra

Starfsemi Héraðsdóms Vestfjarða var óbreytt hvað varðar mannahald og með hefðbundnu sniði á árinu 2015. Þeim málum sem bárust dómstólnum fækkaði lítillega frá því árið á undan eða úr 248 árið 2014 í 220 árið 2015. Sveiflur á innkomu mála innan ársins voru þannig að mun meira álag var seinni hluta ársins en fyrri hluta þess. Þá fækkaði einkamálum nokkuð á milli árunna eða úr 107 árið 2014 í 72 árið 2015 en sakamálum fjölgaði úr 67 í 92. Af þessum sakamálum var í sex tilvikum um að ræða ákærur á hendur útgerðum fiskiskipa fyrir brot gegn lögum um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands sem er aukning frá því undanfarin ár. Þá komu 13 af sakamálunum frá ríkissaksóknara sem er einnig aukning. Þar var í fjórum tilvikum ákært fyrir kynferðisbrot en annars aðallega fyrir líkamsárásir og brot gegn valdstjórninni. Eins og fyrri ár truflaði veður og ófærð ítrekað starfsemi dómstólsins.

## Ákærumál í Héraðsdómi Vestfjarða

Á myndinni má sjá þróun ákærumála hjá Héraðsdómi Vestfjarða frá árinu 2000 til ársins 2015. Myndin sýnir samtals afgreidd mál yfir tímabilið í samanburði við óafgreidd og innkomin mál og meðalafgreiðslutíma þessara mála í dögum. Afgreidd mál eru dómsmál sem eru afgreidd innan ársins. Óafgreidd mál eru dómsmál sem ekki næst að afgreiða innan ársins og flytjast þau yfir til afgreiðslu á nýju ári. Innkomin mál eru öll þau mál sem berast dómstólnum og eru nýskráð á árinu. Dómstólnum bárust 69 ný ákærumál og samtals voru afgreidd 64 ákærumál á árinu. Meðalmálsmeðferðartími ákærumála var 60 dagar á árinu 2015 samanborið við 72 daga á árinu 2014.

Mynd 7. Þróun ákærumála hjá HDVF árin 2000-2015



### Munnlega flutt einkamál í Héraðsdómi Vestfjarða

Á myndinni má sjá þróun munnlega fluttra einkamála hjá Héraðsdómi Vestfjarða frá árinu 2000 til ársins 2015. Myndin sýnir samtals afgreidd mál yfir tímabilið í samanburði við óafgreidd og innkomin mál og meðalafgreiðslutíma þessara mála í dögum. Afgreidd mál eru dómsmál sem eru afgreidd innan ársins. Óafgreidd mál eru dómsmál sem ekki næst að afgreiða innan ársins og flytjast þau yfir til afgreiðslu á nýju ári. Innkomin mál eru öll þau mál sem koma til úthlutunar til dómara á árinu. Af reglulegu dómþingi var úthlutað 3 munnlega fluttum einkamálum og samtals voru afgreidd 5 munnlega flutt einkamál á árinu. Meðalmálsmeðferðartími munnlega fluttra einkamála var 288 dagar á árinu 2015 en 253 dagar á árinu 2014.

Mynd 8. Þróun munnlega fluttra einkamála hjá HDVF árin 2000-2015



## Héraðsdómur Norðurlands vestra

Á Sauðárkróki er aðsetur Héraðsdóms Norðurlands vestra og heyra Akrahreppur, Blönduósbær, Húnavatnshreppur, Húnaþing vestra, Skagabyggð, Sveitarfélagið Skagafjörður og Sveitarfélagið Skagaströnd undir hans umdæmi. Dómstjóri er Halldór Halldórsson. Við dómstólinn starfar einn dómritari.

### Helstu verkefni á árinu – samantekt dómstjóra

Líkt og undanfarin ár hefur starfsemi dómstólsins verið nánast óbreytt frá fyrri árum. Engin breyting hefur orðið á starfsmannahaldi dómstólsins og þá var dómstóllinn rekinn innan fjárheimilda líkt og undanfarin ár. Fjöldi mála var svipaður og á síðasta ári og þrátt fyrir einhverja fækkun í fjölda mála eru munnlega flutt mál í öllum málaflokkum álíka mörg og á liðnum árum. Dómritari hefur haldið áfram að aðstoða Héraðsdóm Reykjavíkur og Héraðsdóm Reykjaness við gerð endurrita í málum sem áfrýjað hefur verið til Hæstaréttar Íslands. Dómari við dómstólinn hefur tekið að sér nokkur mál frá öðrum dómstólum auk þess sem áframhald var á samstarfi við Héraðsdóm Reykjavíkur hvað varðar áritun útivistarmála og áritaði dómari dómstólsins 366 mál frá Reykjavík á liðnu ári.



### Ákærumál í Héraðsdómi Norðurlands vestra

Á myndinni má sjá þróun ákærumála hjá Héraðsdómi Norðurlands vestra frá árinu 2000 til ársins 2015. Myndin sýnir samtals afgreidd mál yfir tímabilið í samanburði við óafgreidd og innkomin mál og meðalafgreiðslutíma þessara mála í dögum. Afgreidd mál eru dómsmál sem eru afgreidd innan ársins. Óafgreidd mál eru dómsmál sem ekki næst að afgreiða innan ársins og flytjast þau yfir til afgreiðslu á nýju ári. Innkomin mál eru öll þau mál sem berast dómstólnum og eru nýskráð á árinu. Dómstólnum bárust 38 ný ákærumál og samtals voru afgreidd 34 ákærumál á árinu. Meðalmálsmeðferðartími ákærumála var 42 dagar á árinu 2015 en 83 dagar á árinu 2014.


Mynd 9. Þróun ákærumála hjá HDNV árin 2000-2015



### Munnlega flutt einkamál í Héraðsdómi Norðurlands vestra

Á myndinni má sjá þróun munnlega fluttra einkamála hjá Héraðsdómi Norðurlands vestra frá árinu 2000 til ársins 2015. Myndin sýnir samtals afgreidd mál yfir tímabilið í samanburði við óafgreidd og innkomin mál og meðalafgreiðslutíma þessara mála í dögum. Afgreidd mál eru dómsmál sem eru afgreidd innan ársins. Óafgreidd mál eru mál sem ekki næst að afgreiða innan ársins og flytjast þau yfir til afgreiðslu á nýju ári. Innkomin mál eru öll þau mál sem koma til úthlutunar til dómara á árinu. Af reglulegu dómþingi var úthlutað 12 munnlega fluttum einkamálum og samtals voru afgreidd 6 munnlega flutt einkamál á árinu. Meðalmálsmeðferðartími munnlega fluttra einkamála var 339 dagar á árinu 2015 en 187 dagar á árinu 2014.

Mynd 10. Þróun munnlega fluttra einkamála hjá HDNV árin 2000-2015



## Héraðsdómur Norðurlands eystra

Á Akureyri er aðsetur Héraðsdóms Norðurlands eystra og heyra Akureyrar-kaupstaður, Dalvíkurbyggð, Eyjafjarðarsveit, Fjallabyggð, Grýtubakkahreppur, Hörgársveit, Langanesbyggð, Norðurþing, Skútustaðahreppur, Svalbarðshreppur, Svalbarðsstrandahreppur, Tjörneshreppur og Þingeyjarsveit undir hans umdæmi. Dómstjóri er Ólafur Ólafsson. Við dómstólinn starfa tveir dómáramur auk dómstjóra og þrjú dómritarar.


### Helstu verkefni á árinu – samantekt dómstjóra

Um árið 2015 er það helst að segja að nokkrar tilfærslur urðu á milli málaflokka, en í heild fækkaði málum við dómstólinn. Helst fækkaði sakamálum, aðfararbeiðnum, gjaldþrotaskiptabeiðnum og skriflega fluttum einkamálum. Hins vegar fjölgaði munnlega fluttum einkamálum, en einnig ágreiningsmálum vegna gjaldþrotaskipta, aðfarargerða og nauðungarsölu. Flest munnlega fluttu einkamálin, sem lokið var á árinu vörðuðu eignarrétt, forsjá barna, verksamninga og vinnulaun. Helstu málaflokkar sakamála sem lokið var á árinu vörðuðu auðgunarbrot, líkamsárásir og umferðarlagabrot. Þá voru fimm kynferðisbrot dæmd á árinu, en þar af voru tvær nauðgunarákærur. Sakamál sem tengdust ávana- og fíkniefnum voru fjörutíu og fjögur, en þar af voru sextán ákærur vegna fíkniefnaaksturs. Starfsmenn dómstólsins eru sem fyrr sex, þ.e. þrjú dómáramur, en stöðugildi dómritara eru tvö, sem þrjú dómritarar gegna, og var einn þeirra ráðinn á árinu. Meðalmálsmeðferðartími munnlega fluttra einkamála lengdist miðað við fyrra ár. Skýrist það eins og áður helst af umfangsmiklum eignarréttarmálum, svonefndum þjóðlendumálum, en einnig komu þar til aðrar ástæður. Vegna þessa var leitað liðsinnis dómstólaráðs, sem brást við. Líkt og undanfarin ár komu til námsdvalar á dómstólinn í stuttan tíma laganemar frá öllum háskólum landsins.

### Ákærumál í Héraðsdómi Norðurlands eystra

Á myndinni má sjá þróun ákærumála hjá Héraðsdómi Norðurlands eystra frá árinu 2000 til ársins 2015. Myndin sýnir samtals afgreidd mál yfir tímabilið í samanburði við óafgreidd og innkomin mál og meðalafgreiðslutíma þessara mála í dögum. Afgreidd mál eru dómsmál sem eru afgreidd innan ársins. Óafgreidd mál eru dómsmál sem ekki næst að afgreiða innan ársins og flytjast þau yfir til afgreiðslu á nýju ári. Innkomin mál eru öll þau mál sem berast dómstólnum og eru nýskráð á árinu. Dómstólnum bárust 141 nýtt ákærumál og samtals voru afgreidd 173 ákærumál á árinu. Meðalmálsmeðferðartími ákærumála var 132 dagar á árinu 2015 samanborið við 86 daga á árinu 2014.


Mynd 11. Þróun ákærumála hjá HDNE árin 2000-2015



### Munnlega flutt einkamál í Héraðsdómi Norðurlands eystra

Á myndinni má sjá þróun munnlega fluttra einkamála hjá Héraðsdómi Norðurlands eystra frá árinu 2000 til ársins 2015. Myndin sýnir samtals afgreidd mál yfir tímabilið í samanburði við óafgreidd og innkomin mál og meðalafgreiðslutíma þessara mála í dögum. Afgreidd mál eru dómsmál sem eru afgreidd innan ársins. Óafgreidd mál eru mál sem ekki næst að afgreiða innan ársins og flytjast þau yfir til afgreiðslu á nýju ári. Innkomin mál eru öll þau mál sem koma til úthlutunar til dómara á árinu. Af reglulegu dómþingi var úthlutað 29 munnlega fluttum einkamálum og samtals voru afgreidd 33 munnlega flutt einkamál á árinu. Meðalmálsmeðferðartími munnlega fluttra einkamála var 592 dagar á árinu 2015 en 454 dagar á árinu 2014.

Mynd 12. Þróun munnlega fluttra einkamála hjá HDNE árin 2000-2015



## Héraðsdómur Austurlands

Á Egilsstöðum er aðsetur Héraðsdóms Austurlands og heyra Borgarfjarðarhreppur, Breiðdalshreppur, Djúpavogshreppur, Fjarðabyggð, Fljótsdalshérað, Fljótsdalshreppur, Seyðisfjarðarkaupstaður, Sveitarfélagið Hornafjörður og Vopnafjarðarhreppur undir hans umdæmi. Dómstjóri er Hildur Briem. Við dómstólinn starfar einn dómritari.

### Helstu verkefni á árinu – samantekt dómstjóra

Árið 2015 fækkaði innkomnum málum til Héraðsdóms Austurlands í 232 mál, en innkomin mál voru 251 talsins árið 2014. Mestu munar þar um fækkun sakamála sem voru óvenjufá eða 32 talsins en voru 50 á árinu 2014. Þar af fækkaði ákærumálum úr 28 málum í 21 mál og var fækkun þeirra sérstaklega áberandi á fyrri helmingi ársins. Er nærtækt að leita skýringa til þeirra breytinga sem urðu á embættum og umdæmum lögreglustjóra um áramótin 2014-2015 og tilkomu embættis héraðssaksóknara sem tók til starfa á sama tíma. Einnig má nefna að aðfararbeiðnum fækkaði milli ára úr 20 í 11. Fjöldi munnlega fluttra einkamála var hins vegar í samræmi við það sem verið hefur nokkur undanfarin ár.


Starfsmannahald dómstólsins er óbreytt frá fyrra ári, en við dóminn starfar einn héraðsdómari, sem jafnframt er dómstjóri, og einn dómritari. Bæði dómritari og dómari hafa tekið að sér verkefni fyrir aðra dómstóla ef þess hefur verið óskað og starfsemi dómstólsins leyfir. Flest dómþing eru háð í húsnæði dómstólsins á Egilsstöðum, en fyrir kemur að af hagkvæmnisástæðum séu þinghöld haldin annars staðar, einkum við aðra héraðsdómstóla. Fjarlægðir innan umdæmisins og milli aðseturs dómstólsins og höfuðborgarsvæðisins eru talsverðar og eðlilega geta truflanir á samgöngum sett strik í reikninginn þegar kemur að þinghöldum.

Eitt af því sem áhrif hafði á starfsemi dómstólsins á árinu 2015, og gerir enn, eru þær breytingar sem fyrr voru nefndar á embættum sýslumanna og lögreglustjóra um áramótin 2014-2015. Af þeim breytingum leiðir að umdæmismörk Héraðsdóms Austurlands fara ekki lengur saman við umdæmismörk lögreglustjóra og sýslumanna, en Sveitarfélagið Hornafjörður sem tilheyrir umdæmi dómstólsins tilheyrir nú umdæmum sýslumanns og lögreglustjóra á Suðurlandi. Virðist hafa láðst að huga að samræmi við umdæmismörk héraðsdómstólanna við breytingarnar. Í þessu felast vissulega meinbugir, en aftur á móti hefur gengið ágætlega að leysa úr praktískum álitaefnum sem risið hafa af þessu tilefni. Hefur sú sem hér skrifar vakið athygli innanríkisráðuneytisins á þessu, en jafnframt haldið á lofti annmörkum sem kynnu að fylgja því að minnka umdæmi Héraðsdóms Austurlands til samræmis við breytt umdæmismörk lögreglustjóra og sýslumanna. Í því sambandi hafa verið nefnd byggðasjónarmið og sjónarmið tengd þjónustu við almenning, þar á meðal aðgangi almennings að þjónustu lögmanna á landsbyggðinni.

### Ákærumál í Héraðsdómi Austurlands

Á myndinni má sjá þróun ákærumála hjá Héraðsdómi Austurlands frá árinu 2000 til ársins 2015. Myndin sýnir samtals afgreidd mál yfir tímabilið í samanburði við óafgreidd og innkomin mál og meðalafgreiðslutíma þessara mála í dögum. Afgreidd mál eru dómsmál sem eru afgreidd innan ársins. Óafgreidd mál eru dómsmál sem ekki næst að afgreiða innan ársins og flytjast þau yfir til afgreiðslu á nýju ári. Innkomin mál eru öll þau mál sem berast dómstólnum og eru nýskráð á árinu. Dómstólnum bárust 21 nýtt ákærumál og samtals voru afgreidd 25 ákærumál á árinu. Meðalmálsmeðferðartími ákærumála var 159 dagar á árinu 2015 en 105 dagar á árinu 2014.


Mynd 13. Þróun ákærumála hjá HDA árin 2000-2015



### Munnlega flutt einkamál í Héraðsdómi Austurlands

Á myndinni má sjá þróun munnlega fluttra einkamála hjá Héraðsdómi Austurlands frá árinu 2000 til ársins 2014. Myndin sýnir samtals afgreidd mál yfir tímabilið í samanburði við óafgreidd og innkomin mál og meðalafgreiðslutíma þessara mála í dögum. Afgreidd mál eru dómsmál sem eru afgreidd innan ársins. Óafgreidd mál eru mál sem ekki næst að afgreiða innan ársins og flytjast þau yfir til afgreiðslu á nýju ári. Innkomin mál eru öll þau mál sem koma til úthlutunar til dómara á árinu. Af reglulegu dómsþingi var úthlutað 11 munnlega fluttum einkamálum og samtals voru afgreidd 12 munnlega flutt einkamál á árinu. Meðalmálsmeðferðartími munnlega fluttra einkamála var 298 dagar á árinu 2015 en 342 dagar á árinu 2014.

Mynd 14. Þróun munnlega fluttra einkamála hjá HDA árin 2000-2015





## Héraðsdómur Suðurlands

Á Selfossi hefur Héraðsdómur Suðurlands aðsetur sitt og heyra Ásahreppur, Bláskógabyggð, Flóahreppur, Grímsnes- og Grafningshreppur, Hrunamannahreppur, Hveragerðisbær, Mýrdalshreppur, Rangárþing eystra, Rangárþing ytra, Skaftárhreppur, Skeiða- og Gnúpverjahreppur, Sveitarfélagið Árborg, Sveitarfélagið Ölfus og Vestmannaeyjabær undir hans umdæmi. Dómstjóri er Hjörtur O. Aðalsteinsson. Við dómstólinn starfa tveir dómáramur auk dómstjóra, tveir dómritáramur og einn aðstoðarmaður.


### Helstu verkefni á árinu – samantekt dómstjóra

Starfsmenn Héraðsdóms Suðurlands vilja vekja athygli á því að stofnunin varð annað árið í röð í efsta sæti í hinni árlegu könnun SFR meðal starfsfólks um stofnun ársins í flokki stofnana með færri en 20 starfsmenn en stofnunin lenti í öðru sæti árið 2013. Athygli vekur að ákærumálum í Vestmannaeyjum fjölgar mikið, eða úr 27 árið 2014 í 81 árið 2015. Hlýtur það að skýrast af því að lögreglustjórn var færð úr höndum sýslumanna á síðasta ári og sérstakur lögreglustjóri skipaður í Vestmannaeyjum. Einn dómari sinnir Vestmannaeyjum og fer þangað til að þingfesta einkamál og taka fyrir sakamál a.m.k. einu sinni í mánuði nema mánuðina janúar, júlí og ágúst. Munnlega fluttum einkamálum fækkar enn og hafa þau aldrei verið jafn fá. Kröfum á grundvelli laga nr. 85/2011 um nálgunarbann og brottvísun af heimili hefur fjölgað mikið. Árið 2013 kom ein slík krafa, árið 2014 voru þær þrjár en ellefu árið 2015. Að öðru leyti hefur starfsemin verið í föstum skorðum. Löglærður aðstoðarmaður þurfti að vísu að bregða sér í nokkurra mánaða leyfi og af því tilefni var auglýst eftir lögfræðingi til að leysa aðstoðarmanninn af. Alls bárust 53 umsóknir um starfið, en slíkt hefði þótt fáheyrt fyrir nokkrum árum.

### Ákærumál í Héraðsdómi Suðurlands

Á myndinni má sjá þróun ákærumála hjá Héraðsdómi Suðurlands frá árinu 2000 til ársins 2015. Myndin sýnir samtals afgreidd mál yfir tímabilið í samanburði við óafgreidd og innkomin mál og meðalafgreiðslutíma þessara mála í dögum. Afgreidd mál eru dómsmál sem eru afgreidd innan ársins. Óafgreidd mál eru dómsmál sem ekki næst að afgreiða innan ársins og flytjast þau yfir til afgreiðslu á nýju ári. Innkomin mál eru öll þau mál sem berast dómstólnum og eru nýskráð á árinu. Dómstólnum bárust 400 ný ákærumál og samtals voru afgreidd 349 ákærumál á árinu. Meðalmálsmeðferðartími ákærumála var 88 dagar á árinu 2015 en 108 dagar á árinu 2014.

Mynd 15. Þróun ákærumála hjá HDS árin 2000-2015



### Munnlega flutt einkamál í Héraðsdómi Suðurlands

Á myndinni má sjá þróun munnlega fluttra einkamála hjá Héraðsdómi Suðurlands frá árinu 2000 til ársins 2015. Myndin sýnir samtals afgreidd mál yfir tímabilið í samanburði við óafgreidd og innkomin mál og meðalafgreiðslutíma þessara mála í dögum. Afgreidd mál eru dómsmál sem eru afgreidd innan ársins. Óafgreidd mál eru mál sem ekki næst að afgreiða innan ársins og flytjast þau yfir til afgreiðslu á nýju ári. Innkomin mál eru öll þau mál sem koma til úthlutunar til dómara á árinu. Af reglulegu dómpingi var úthlutað 30 munnlega fluttum einkamálum og samtals voru afgreidd 26 munnlega flutt einkamál á árinu. Meðalmálsmeðferðartími munnlega fluttra einkamála var 273 dagar á árinu 2015 samanborið við 263 daga á árinu 2014.

Mynd 16. Þróun munnlega fluttra einkamála hjá HDS árin 2000-2015



## Héraðsdómur Reykjaness

Í Hafnarfirði hefur Héraðsdómur Reykjaness aðsetur sitt og heyra Garðabær, Grindavíkurbær, Hafnarfjarðarkaupstaður, Kópavogsbær, Reykjanesbær, Sandgerðisbær, Sveitarfélagið Álftanes, Sveitarfélagið Garður og Sveitarfélagið Vogar undir hans umdæmi. Dómstjóri er Þorgeir Ingi Njálsson. Við dómstólinn starfa sjö dómárar auk dómstjóra, þrjú aðstoðarmenn, einn skrifstofustjóri, þrjú dómritarar, móttökuritari og bókarari.

### Helstu verkefni á árinu – samantekt dómstjóra

Munnlega fluttum einkamálum fjölgaði lítillega milli ára hjá HDRN, fóru úr 185 árið 2014 í 194 árið 2015. Á sama tíma fækkaði ákærumálum úr 433 málum í 381 mál. Í síðustu ársskýrslu var sú skýring meðal annars gefin á lengingu málsmeðferðartíma í þeim málaflokki að þeim tilvikum hefði fjölgað þar sem uppi er ágreiningur sem snýr að formhlið máls og dómari þarf að úrskurða um fyrir aðalmeðferð. Ekki er á nokkurn hátt hægt að amast við þessu. Það sama verður aftur á móti ekki sagt um aðra skýringu sem vert er að nefna í þessu sambandi, en hún snýr að því hversu erfiðlega það getur gengið að ná sakborningum fyrir dóm. Hefur hratt sigið á ógæfuhliðina hvað þetta varðar á síðustu fjórum árum. Þar að auki færir það í vöxt að vitni sem gert er að mæta til skýrslugjafar við aðalmeðferð máls láti ekki sjá sig á boðuðum tíma og oft ekki fyrr en að undangenginni formlegri vitnakvaðningu. Verður það sífellt algengara af þessum sökum að ekki tekst að ljúka aðalmeðferð sama dag og hún hefst og er ekki óalgengt þegar upp er staðið að þinghöld til aðalmeðferðar séu þá orðin fleiri en tvö og að þau teygi sig jafnvel yfir tveggja til þriggja vikna tíma.

Fjöldi rannsóknarmála (R-mál) við dómstólinn hefur verið mjög mikill allt frá árinu 2008 og náði hann hámarki á árinu 2013, en það ár voru kveðnir upp 809 rannsóknarúrskurðir. Fjöldi þeirra á árinu 2015 var 540 (þar af 204 gæsluvarðhaldskröfur) sem er nálægt meðaltali árána 2008 til 2012 (567 árið 2014), en til samanburðar má geta þess að meðaltal árána 2000-2007 var 162 mál. Það er í höndum sjö dómara (dómstjóri undanskilinn) að sjá um afgreiðslu þessara mála á sérstakri vakt, viku í senn. Dómari er því á slíkri vakt í rétt rúmlega 50 daga á ári. Fjöldi mála á hvern dómara árið 2015 var frá 63 málum og upp í 100 mál (meðaltal 77).


Viðfangsefni dómstólanna eru mjög fjölbreytt og má til sanns vegar færa að þeim sé fátt mannlegt óviðkomandi. Þegar málatölur eru skoðaðar er helst hugað að sakamálum annars vegar og einkamálum hins vegar. Á grundvelli 1. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála hefur hugtakið einkamál verið skilgreint þannig að það taki til allra dómsmála sem sæta ekki sérstakri meðferð fyrir dómi eftir öðrum lögum. Halda ber því til haga að utan við þessa flokkun falla samkvæmt þessu mál sem varða fullnustugerðir, þ.e. aðfarargerðir, nauðungarsölu, dánarbússkipti og skuldaskilarétt, mál sem rekin eru fyrir dómi á grundvelli barnaverndarlaga nr.

80/2002, en þar ber mest á kröfum barnaverndarnefnda um vistun barns utan heimilis, og mál sem rísa vegna ágreinings um ákvörðun sýslumanns um þinglýsingu. Í lögfræðilegu tilliti og þegar horft er til umfangs að öðru leyti má að fullu jafna þessum tegundum mála við einkamál í framangreindum skilningi sem sæta sókn og vörn fyrir héraðsdómi, en á árinu 2015 voru þau 61 talsins (54 fullnustumál, 6 barnaverndarmál og 1 þinglýsingarmál). Hjá HDRN er staðan síðan sú að við bætist fjöldi rannsóknarúrskurða, sbr. hér að framan. Þá hefur þeim málum fjölgað talsvert þar sem leyst var úr kröfum sem settar voru fram á grundvelli lögræðisлага.

### Ákærumál í Héraðsdómi Reykjaness

Á myndinni má sjá þróun ákærumála hjá Héraðsdómi Reykjaness frá árinu 2000 til ársins 2015. Myndin sýnir samtals afgreidd mál yfir tímabilið í samanburði við óafgreidd og innkomin mál og meðalafgreiðslutíma þessara mála í dögum. Afgreidd mál eru dómsmál sem eru afgreidd innan ársins. Óafgreidd mál eru dómsmál sem ekki næst að afgreiða innan ársins og flytjast þau yfir til afgreiðslu á nýju ári. Innkomin mál eru öll þau mál sem berast dómstólnum og eru nýskráð á árinu. Dómstólnum bárust 381 nýtt ákærumál og samtals voru afgreidd 400 ákærumál á árinu. Meðalmálsmeðferðartími ákærumála var 76 dagar á árinu 2015 en 80 dagar á árinu 2014.


Mynd 17. Þróun ákærumála hjá HDRN árin 2000-2015



### Munnlega flutt einkamál í Héraðsdómi Reykjaness

Á myndinni má sjá þróun munnlega fluttra einkamála hjá Héraðsdómi Reykjaness frá árinu 2000 til ársins 2015. Myndin sýnir samtals afgreidd mál yfir tímabilið í samanburði við óafgreidd og innkomin mál og meðalafgreiðslutíma þessara mála í dögum. Afgreidd mál eru dómsmál sem eru afgreidd innan ársins. Óafgreidd mál eru mál sem ekki næst að afgreiða innan ársins og flytjast þau yfir til afgreiðslu á nýju ári. Innkomin mál eru öll þau mál sem koma til úthlutunar til dómara á árinu. Af reglulegu dómpingi var úthlutað 194 munnlega fluttum einkamálum og samtals voru afgreidd 181 munnlega flutt einkamál á árinu. Meðalmálsmeðferðartími munnlega fluttra einkamála var 346 dagar á árinu 2015 en 248 dagar á árinu 2014.


Mynd 18. Þróun munnlega fluttra einkamála hjá HDRN árin 2000-2015



## HÉRAÐSDÓMSTÓLAR Í TÖLUM

Þegar tölulegar upplýsingar héraðsdómstólanna<sup>5</sup> eru skoðaðar er áhugavert að líta til íbúafjölda<sup>6</sup> í umdæmi héraðsdómstólanna. Í umdæmi Héraðsdóms Reykjavíkur búa um 41% íbúa, samanborið við 42% á árinu 2014, í umdæmi Héraðsdóms Reykjaness búa um 30% íbúa, samanborið við 29% á árinu 2014, í umdæmi Héraðsdóms Norðurlands eystra búa 9% íbúa, í umdæmi Héraðsdóms Suðurlands búa um 7% íbúa, í umdæmi Héraðsdóms Vesturlands búa um 5% íbúa, í umdæmi Héraðsdóms Austurlands búa um 4% íbúa, í umdæmi Héraðsdóms Norðurlands vestra búa um 2% íbúa og í umdæmi Héraðsdóms Vestfjarða búa um 2% íbúa.

**Mynd 19. Fjöldi íbúa í umdæmi hvers héraðsdómstóls 2015**



<sup>5</sup>Á heimasíðu dómstólaráðs <http://www.domstolar.is> er að finna tölfræðiupplýsingar sem uppfærðar eru reglulega.

<sup>6</sup> Upplýsingar um mannfjölda má finna á heimasíðu Hagstofu Íslands.

Á næstu síðum eru birtar margvíslegar tölulegar upplýsingar um starfsemi dómstólanna, m.a. um greiningu mála eftir brotaflokkum í sakamálum og eftir tegundum einkamála. Umfangsmestu verkefni héraðsdómstólanna eru einkamál og sakamál. Einkamál skiptast síðan í munnlega flutt einkamál, þar sem vörnum er haldið uppi í svonefndum ágreiningsmálum<sup>7</sup> auk lögræðismála, og skriflega flutt einkamál. Sakamál sem berast dómstólunum eru af tvennum toga. Annars vegar eru mál sem höfðuð eru af ákærvaldinu<sup>8</sup> á hendur einstaklingum eða lögaðilum til refsingar. Hins vegar eru svonefnd sektarboðsmál. Lögreglustjóra er lögum samkvæmt heimilt að ljúka vissum málum með sektargreiðslu. Sakborningi er þá gefinn kostur á að ljúka máli sínu með því að greiða sekt. Sinni sakborningur ekki sektargreiðslunni getur lögreglustjóri sent málið héraðsdómara til ákvörðunar sektar og vararefsingar. Dómari tekur ákvörðun um viðurlög með áritun á sektarboð lögreglustjóra og hefur slík áritun sömu áhrif og dómur. Dómarar ganga svokallaðar rannsóknarvaktir og sinna þar erindum frá lögreglu þar sem atbeina dómstóla er þörf í þágu rannsóknar sakamáls. Viðamestu málin eru annars vegar kröfur um gæsluvarðhald og hins vegar skýrslutökur af börnum sem grunur leikur á að hafi mátt þola kynferðisbrot. Fjölbreytt mál koma til úrlausnar hjá héraðsdómstólunum og eru nánari upplýsingar og sundurliðun mála birt í töflu 4 hér að neðan.

Héraðsdómstólarnir innheimta dómsmálagjöld á grundvelli ákvæða laga um aukatekjur ríkissjóðs nr. 88/1991, með síðari breytingum. Dómsmálagjöld eru greidd vegna meðferðar einkamála í héraði og fara þau stighækkandi með hliðsjón af stefnufjárhæð máls. Fyrir þingfestingu máls þar sem stefnufjárhæð nemur allt að 3 m.kr. greiðast 15.000 kr. í þingfestingargjald. Fyrir þingfestingu máls þar sem stefnufjárhæð er frá 3 m.kr. að 30 m.kr. og vegna mála þar sem krafist er viðurkenningar á réttindum og/eða skyldu greiðast 30.000 kr. Gjaldskrá á grundvelli ákvæða laga um aukatekjur ríkissjóðs má nálgast á heimasíðu héraðsdómstólanna. Sem dæmi má nefna að Héraðsdómur Reykjavíkur innheimti 164 m.kr. í dómsmálagjöld á árinu 2014 samanborett við 151 m.kr. á árinu 2015.

**Tafla 3. Þróun dómsmálagjalda héraðsdómstólanna 2012-2015**

Ártal	Upphæð í m.kr.
2012	306
2013	278
2014	248
2015	223

<sup>7</sup>t.d. mál vegna fjárnáms, nauðungarsölu, lögbanns, gjaldþrots, greiðslustöðvunar, nauðasamninga, beinna aðfarargerða o.s.frv.


<sup>8</sup> Lögreglustjóri, ríkissaksóknari og sérstakur saksóknari fara með ákærvaldið.



## Fjöldi sakfellinga eftir skilgreindum brotaflokkum

Á meðfylgjandi töflu má sjá fjölda sakfellinga hjá héraðsdómstólunum í heild sinni á árinu 2015 í tilgreindum brotaflokkum. Ekki er um tæmandi greiningu á brotaflokkum að ræða heldur einugis hluta af þeim sem koma til meðferðar héraðsdómstólanna.

**Mynd 20. Fjöldi sakfellinga eftir skilgreindum brotaflokkum fyrir árið 2015<sup>9</sup>**




<sup>9</sup> Hér er ekki um tæmandi talningu að ræða um fjölda sakfellinga hjá dómstólunum.

## Skýrslutaka af brotþola yngri en 18 ára

Á meðfylgjandi mynd má sjá fjölda skýrslutaka á rannsóknarstigi máls af brotþola eftir kyni og fæðingarári barns.


**Mynd 21. Skýrslutökur af börnum yngri en 18 ára**



Fjöldi dómsmála á árinu 2015 og samanburður milli ára

Að neðan getur að líta mynd af heildarfjölda mála sem bárust héraðsdómstólunum á árunum 2000-2015. Á árinu 2015 fækkaði skráðum málum hjá héraðsdómstólunum úr 16.431 á árinu 2014 í 15.053 á árinu 2015.

**Mynd 22. Þróun heildarmálfjölda héraðsdómstólanna**



Dómsmál við héraðsdómstólana eru í grófum dráttum flokkuð í 30 málaflokka eða tegundir. Skráning í málaskrárkerfi héraðsdómstólanna tekur mið af þeirri skiptingu. Á meðfylgjandi töflu sést sundurliðun þeirra mála sem bárust héraðsdómstólunum eftir tegund þeirra á árinu 2014. Dómsmál eru afar mismundandi að umfangi og því segir fjöldi mála í einstökum málaflokkum ekki alla söguna um vægi málaflokksins fyrir starfsemi héraðsdómstólanna. Stærstu málaflokkarnir eru einkamál og sakamál. Innkomin mál skiptust þannig á árinu 2015 eftir málaflokkum og dómstólum eins og meðfylgjandi tafla sýnir. Í töflunni má einnig sjá samanburð við fjölda mála á árinu 2014 og hlutfallslega breytingu milli ára.

**Tafla 4. Heildarfjöldi innkominna mála sundurliðað eftir dómstólum og tegundum árið 2015**


Málategund	Samanburður milli ára									Breyting		
	HDR	HDRN	HVDL	HDFV	HNV	HDNE	HDA	HDS	Samtals	2014	%	Fjöldi
Aófararbeiðnir	997	484	21	15	4	38	11	65	1.635	1.589	3%	46
Innsetningarbeiðnir	424	57	6	4	0	11	3	23	528	579	-9%	-51
Útburðarbeiðnir	181	127	7	3	2	23	4	16	363	371	-2%	-8
Bráðabirgðaforsjá og farbann	1	1	0	0	0	0	0	0	2	0		2
Opinber skipti	49	28	10	2	5	18	6	7	125	147	-15%	-22
Einkamál	4.258	1.298	142	72	50	239	103	255	6.417	7.807	-18%	-1.390
Munnlega flutt	856	194	22	3	12	29	11	30	1.157	1.243	-7%	-86
Skriflega flutt	3.402	1.104	120	69	38	210	92	225	5.260	6.564	-20%	-1.304
Flytimeðferðarmál	27	7	0	0	0	0	2	1	37	63	-41%	-26
Gjaldprotaskipti	1.075	655	40	24	19	79	57	177	2.126	2.472	-14%	-346
Horfirir menn	0	0	0	0	0	0	0	0	0	1	-100%	-1
Greiðslustöðvunarbeiðnir	1	0	0	0	0	0	1	1	3	2	50%	1
Ágreiningsmál vegna kyrrsetningar og lögbanns	3	0	1	0	0	0	0	0	4	8	-50%	-4
Lögræðismál	138	35	7	1	0	3	0	5	189	161	17%	28
Matsmál	156	52	4	2	1	11	3	8	237	193	23%	44
Nauðasamningsumleitnir	15	6	0	0	0	1	0	1	23	10	130%	13
Sjópróf	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0		0
Ágreiningsmál vegna dánarbússkipta o.fl.	16	21	2	2	2	4	0	0	47	43	9%	4
Rannsóknarúrskurðir	436	540	16	7	4	50	15	61	1.129	1.070	6%	59
Gæsluvarðhaldsúrskurðir	99	204	6	0	0	17	2	10	338	257	32%	81
Hútleitarúrskurðir	54	75	0	0	4	13	2	7	155	168	-8%	-13
Opinber mál	879	526	170	92	38	175	32	474	2.386	2.597	-8%	-211
Höfðuð með ákæru	692	381	93	69	38	141	21	400	1.835	1.852	-1%	-17
Sektarboðsmál	187	145	77	23	0	34	11	74	551	745	-26%	-194
Ágreiningsmál vegna þinglýsinga	2	1	1	0	0	0	1	1	6	9	-33%	-3
Barnaverndarmál	17	6	4	2	0	1	0	2	32	26	23%	6
Vitnamál	25	9	0	0	0	1	0	1	36	48	-25%	-12
Ágreiningsmál vegna gjaldprotaskipta	504	16	0	1	0	2	1	5	529	107	394%	422
Ágreiningsmál vegna aðfarargerða	7	8	0	0	0	2	0	1	18	24	-25%	-6
Ágreiningsmál vegna nauðungarsölu	8	9	2	0	0	1	0	4	24	22	9%	2
Önnur mál	36	9	0	0	0	1	0	2	48	32	50%	16
<b>Samtals mál</b>	<b>8.650</b>	<b>3.711</b>	<b>420</b>	<b>220</b>	<b>123</b>	<b>626</b>	<b>232</b>	<b>1.071</b>	<b>15.053</b>	<b>16.431</b>	<b>-8%</b>	<b>-1.378</b>
<b>Árið 2014:</b>	<b>9.407</b>	<b>4.141</b>	<b>489</b>	<b>248</b>	<b>143</b>	<b>809</b>	<b>251</b>	<b>943</b>	<b>16.431</b>			
Breyting milli ára:	-8%	-10%	-14%	-11%	-14%	-23%	-8%	14%	-8%			

## Fjöldi mála eftir málaflokkum

### Munnlega flutt einkamál


Meðfylgjandi mynd sýnir þróun fjölda munnlega fluttra einkamála á tímabilinu frá árinu 2000-2015. Munnlega fluttum einkamálum fækkaði lítillega milli ára; þau voru samtals 1.243 á árinu 2014 en 1.157 á árinu 2015.

**Mynd 23. Þróun munnlega fluttra einkamála**




Á meðfylgjandi mynd má sjá lyktir og málsmeðferðartíma í munnlega fluttum einkamálum. Lyktir munnlega fluttra einkamála geta verið mismunandi en flestum málanna lýkur með dómi. Hluta málanna er vísað frá, sáttir takast með aðilum, eða málin eru felld niður.

**Mynd 24. Lyktir og málsmeðferðartími munnlega fluttra einkamála á árinu 2015**



Á meðfylgjandi mynd má sjá málsmeðferðartíma munnlega fluttra einkamála í samanburði við fjölda innsendra mála, afgreiddra mála og óafgreiddra munnlega fluttra einkamála frá árinu 2000-2015. Meðalmálsmeðferðartími munnlega flutts einkamáls hefur lengst, var 344 dagar á árinu 2014 en er 364 dagar á árinu 2015. Fjöldi þingfesta munnlega fluttra einkamála á árinu 2015 var samtals 1.157 en var 1.243 á árinu 2014. Fjöldi óafgreiddra munnlega fluttra einkamála í lok árs 2015 var 885 en til samanburðar 1.094 mál í lok árs 2014.

**Mynd 25. Málsmeðferðartími og afgreiðsla munnlega fluttra einkamála 2000-2015**



### Tafla 5. Tegund munnlega fluttra einkamála

Tegundir eða eðli þeirra einkamála sem rekin eru fyrir dómstólunum eru margvísleg eins og sést í meðfylgjandi töflu. Á árinu 2015 voru flest munnlega flutt einkamál sem rekin voru fyrir héraðsdómstólunum skuldamál en þar á eftir koma skaðabótamál, riftunarmál þrotabúa, ógilding stjórnarathafnar, vinnulaunamál, forsjármál og barnsfaðernismál.


Tegund	HDR	HDRN	HDVL	HDVF	HDNV	HDNE	HDA	HDS	Samtals
(Óskráð)	1	9	0	1	1	0	0	0	12
Barnaverndarmál	9	3	0	0	0	0	0	0	12
Barnsfaðernismál	15	14	0	0	0	1	0	1	31
Eignarréttarmál	4	3	0	0	1	2	1	2	13
Erfðamál	1	0	0	0	0	0	0	0	1
Fasteignakaup, gallar	6	9	1	0	0	2	0	1	19
Fasteignakaup, greiðsludráttur	14	8	0	0	0	1	0	0	23
Firmamál	2	0	0	0	0	0	0	0	2
Fjármögnunarsamningur	0	0	0	0	0	1	0	0	1
Forsjármál	26	24	4	0	2	4	0	1	61
Húsaleigumál	5	0	0	0	0	0	0	0	5
Höfundarréttarmál	1	0	0	0	0	0	0	0	1
Landamerkmál	0	0	1	0	0	2	0	1	4
Lausafjárkaup, gallar	1	1	0	0	0	0	0	0	2
Lausafjárkaup, greiðsludráttur	2	0	0	0	0	0	0	0	2
Mál um einkaleyfi	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Mál um vörumerki	1	0	0	0	0	0	0	0	1
Meiðyrðamál	3	2	0	0	0	0	0	0	5
Ógilding stjórnarathafnar	39	1	0	0	0	0	0	2	42
Ógildingarmál	21	1	2	0	4	2	2	0	32
Riftun og skuldamál	5	1	1	0	0	0	0	1	8
Riftunarmál þrotabúa	13	6	0	0	0	0	0	0	19
Sífaréttarmál	17	3	0	0	1	0	0	1	22
Skaðabótamál	101	16	1	1	1	1	3	7	131
Skaðabótamál, eignatjón	6	0	0	0	0	0	0	0	6
Skaðabótamál, miski/örorka	61	4	2	0	0	1	0	0	68
Skattamál	12	0	0	0	0	0	0	0	12
Skuldabréfamál	2	0	0	0	0	1	0	0	3
Skuldamál	377	59	7	1	2	3	3	12	464
Vátryggingamál	23	0	0	0	0	0	0	0	23
Vefengingarmál	7	1	1	0	0	0	0	0	9
Verksamningur	2	3	0	0	0	0	0	0	5
Vinnulaunamál	28	19	1	0	0	4	1	0	53
Vixilmál	1	0	0	0	0	0	0	0	1
Önnur mál	50	7	1	0	0	4	1	1	64



## Skriflega flutt einkamál


Meðfylgjandi mynd sýnir þróun fjölda skriflega fluttra einkamála hjá héraðsdómstólunum frá árinu 2000-2015. Oft er þessi tegund mála kölluð útvistarmál eða áritunarmál. Skriflega fluttum einkamálum fækkaði frá árinu 2014; þau voru samtals 6.564 á árinu 2014 en 5.260 á árinu 2015.

**Mynd 26. Þróun fjölda skriflega fluttra einkamála**



Á meðfylgjandi mynd má sjá lyktir og málsmeðferðartíma í skriflega fluttum einkamálum, oft kölluð áritunarmál. Lyktir skriflega fluttra mála geta verið mismunandi en flestum málanna lýkur með áritun. Hluta málanna er vísað frá dómi, sáttir takast með aðilum, eða málin eru felld niður.


**Mynd 27. Lyktir skriflega fluttra einkamála og málsmeðferðartími**



## Sakamál og sundurliðun ákærumála

Meðfylgjandi mynd sýnir þróun fjölda innkominna ákærumála hjá héraðsdómstólunum frá árinu 2000-2015. Fjöldi ákærumála er nokkuð sambærilegur milli ára, málunum hefur þó fækkað lítillega. Ákærumálin voru samtals 1.835 árið 2015 en 1.852 á árinu 2014.

**Mynd 288. Þróun fjölda innkominna ákærumála**




Meðfylgjandi tafla sýnir sundurliðun sakamála eftir ákæranda hverju sinni á árinu 2014 samanborið við árið 2015 og hlutfallsbreytingu í fjölda mála milli áranna. Heildarfjöldi sakamála, þar með talin sektarboðsmál, var 2.597 á árinu 2014 en 2.386 á árinu 2015.

**Tafla 6. Fjöldi sakamála og sundurliðun ákærumála**

Ákærandi	2014	2015	Breyting milli ára
Ríkissaksóknari	248	197	-21%
Sérstakur saksóknari	43	25	-42%
Lögreglustjórar	1.559	1.649	6%
Heildarfjöldi ákærumála	1.850	1.872	1%
Sakamál samtals	2.597	2.386	-8%


Á meðfylgjandi mynd má sjá málsmeðferðartíma ákærumála hjá héraðsdómstólunum í samanburði við fjölda innsendra ákærumála, afgreiddra ákærumála og óafgreiddra ákærumála fyrir árin 2000-2015. Héraðsdómstólunum bárust samtals 1.835 ákærumál á árinu 2015 samanborið við 1.852 mál á árinu 2014. Á árinu 2015 voru 1.872 ákærumál afgreidd samanborið við 1.887 mál á árinu 2014. Fjöldi óafgreiddra mála í árslok var samtals 459 ákærumál samanborið við 498 óafgreidd mál í árslok 2014. Meðalmálsmeðferðartími ákærumáls hefur lengst á milli ára, var 86 dagar á árinu 2014 en 89 dagar á árinu 2015.

**Mynd 29. Málsmeðferðartími og afgreiðsla ákærumála**




Á meðfylgjandi mynd má sjá lyktir ákærumála sem koma frá lögreglunni en flestum málanna lýkur með dómi, sektarboði eða viðurlagaákvörðun.

**Mynd 30. Lyktir ákærumála frá lögreglustjóra og málsmeðferðartími**



Á meðfylgjandi mynd sjást lyktir ákærumála frá ríkissaksóknara. Flestum málanna lýkur með dómi.


**Mynd 31. Lyktir ákærumála frá ríkissaksóknara og málsmeðferðartími**



## Ágreiningsmál vegna gjaldþrotaskipta

Meðfylgjandi mynd sýnir þróun fjölda ágreiningsmála sem rísa við gjaldþrotaskipti á tímabilinu frá árinu 2000-2015. Ágreiningsmálum fjölgaði verulega á árinu 2015. Þá voru þau samtals 529 en samtals 107 á árinu 2014.


**Mynd 32. Þróun fjölda ágreiningsmála vegna gjaldþrotaskipta**



## Gjaldþrotaúrskurðir

Meðfylgjandi tafla sýnir sundurliðun uppkveðinna gjaldþrotaúrskurða hjá héraðsdómstólunum sundurliðað eftir kyni og lögaðila á tímabilinu 2002 til ársins 2015. Uppkveðnum gjaldþrotaúrskurðum einstaklinga fækkaði á milli ára, frá því að vera samtals 540 á árinu 2014 í það að vera 456 á árinu 2015. Þá hefur gjaldþrotaúrskurðum lögaðila sömuleiðis fækkað frá árinu 2014, þá voru gjaldþrotaúrskurðir lögaðila 801 en voru 595 á árinu 2015.

**Mynd 33. Þróun fjölda gjaldþrotaúrskurða**






## Gjaldþrotaskiptabeiðnir

Meðfylgjandi mynd sýnir þróun fjölda gjaldþrotabeiðna hjá héraðsdómstólunum frá árinu 2000-2015. Beiðnunum fækkaði frá árinu 2014, úr 2.472 beiðnum í 2.126 beiðnir á árinu 2015.


**Mynd 34. Þróun fjölda gjaldþrotaskiptabeiðna**



## Rannsóknarúrskurðir

Meðfylgjandi mynd sýnir þróun fjölda uppkveðinna úrskurða hjá héraðsdómstólunum á grundvelli rannsóknar sakamáls á tímabilinu 2001 til ársins 2015. Uppkveðnir rannsóknarúrskurðir voru samtals 1.129 á árinu 2015 en 1.070 á árinu 2014.

**Mynd 35. Þróun fjölda rannsóknarúrskurða**





DÓMSTÓLARÁÐ

Dómhúsinu við Lækjartorg · 101 Reykjavík · sími: 551 2900 · domstolarad@domstolar.is · www.domstolar.is · kennitala: 410798-3449